

JARÐEFNALEIT-MÁLMLEIT Á SUÐAUSTURLANDI 1970

KOSTNAÐARGÁT-FRUMAÆTLUN

eftir

Stefán Arnórsson

og

Halldór Kjartansson

JARÐEÐNALEIT-MÁLMLEIT Á SUÐAUSTURLANDI 1970

KOSTNAÐARGÁT-FRUMAÆTLUN

eftir

Stefán Arnórsson

og

Halldór Kjartansson

KOSTNAÐARGAT - FRUMAÆTLUN

Almennar forsendur.

Við útreikninga á launum sérfræðinga og aðstoðarmanna voru notaðar sömu forsendur og í skýrslu jarðhitadeildar eftir Sveinbjörn Björnsson: "Forsendur reikninga um frumrannsókn-viðauki við áætlun um rannsókn háhitasvæða", ág. 1969. Þó er gert ráð fyrir, að upphald aðstoðarmanns kosti kr. 325 á dag, þar sem kostnaður við húsnæði fyrir hann er reiknaður sér. Ennfremur er stjórnunar og aðstöðukostnaður áætlaður kr. 1800 á viku fyrir hvern aðstoðarmann.

Vissa kostnaðar við innkaup er nokkuð misjöfn. Þó er áætlaður kostnaður við kemikóöl nokkuð réttur, þar sem þau hafa öll verið pöntuð og tollur á þeim flestum 18%. Kostnaður við kort og loftmyndir er metinn út frá núverandi verði á þeim hjá Landmælingum Íslands og stærð þess svæðis, sem á að rannsaka. Lauslega er áætlað að 10 þ.kr. þurfi til kaupa á ýmsum viðleguútbúnaði, vegna sýnitöku og dvalar í tjöldum, eins og hitatæki, bakpoka o.p.h. Mánaðarleiga fyrir húsnæði á Höfn til efnagreininga er áætluð 10 þ.kr. á mánuði en í Lóni 2.5 þ.kr. á mánuði eins og hún var árið 1969. Fyrir efnagreiningar í húsnæði á Höfn er ennfremur gert ráð fyrir 10 þ.kr. til efniskaupa fyrir bekk og viftu og 10 þ.kr. kostnað til þess að setja það upp. Auk þess 5 þ.kr. til innkaupa vegna matseldunar.

Flugfargjald Rvík-Höfn-Rvík er áætlað 3 þ.kr. Gert er ráð fyrir 3 flugferðum Slobodan Jankovic, 4 hjá Stefáni Arnórssyni, 1 hjá Halldóri Ármannssyni og 5 flugferðum hjá 6 aðstoðarmönnum, en áætlað er að sumir þeirra fari með bíl frá Rvík til Hafnar í Hornaf. Kostnaður við flutning á sýnum er lauslega áætlaður. Kostnaður við bíl er eins og í ofannefndri skýrslu jarðhitadeildar að frádreginni dagleigu, en jarðefnaleit mun fá eigin bíl frá Sameinuðu þjóðunum.

Tengsl, það er ýmis störf jarðfræðings við almennan rekstur jarðefnaleitar eru áætluð 3 vikna vinna við mælingar og 4 vikur við úrvinnslu. Þá er gert ráð fyrir 1 sérfræðingi til undirbúnings í 5 vikur og útivinna í 15 vikur. Reiknað er með aðstoðarmönnum við mælingar (útivinnu) í 15 vikur.

Þar sem tæplega 2 M.kr. eru til ráðstöfunar á rekstri jarðefnaleitar verður fjöldi aðstoðarmanna að bindast við 6. Er gert ráð fyrir, að einn þeirra verði við efnagreiningar á höfn en 5 við söfnun sýna ásamt 1 sérfræðingi. Verða því 6 við útivinnu á hverjum tíma og vinna í þremur hópum. Fækku aðstoðarmanna vegna fjárskorts leiðir til þess, að ekki verður gerlegt að standast þær áætlanir, sem gerðar voru af Halldóri Kjartanssyni og Slobodan Jankovic um málmleit á suðausturlandi sumarið 1970.

	Vinnulaun b.kr.	innkáup b.kr.	rekstur b.kr.	aðk.þjón. b.kr.	stjórnun og aðst. b.kr.	kostn. alls b.kr.
Sérfræðingar	261				117	378
Aðstoðarmenn	870				144	1014
Kemiköl		70				70
Kort og loftmyndir		44				44
Flát fyrir sýni		17				17
Viðlegubúnaður		10				10
Húsnaði á Höfn	15	40	10			65
Húsnaði í Lóni		10				10
Ferðakostnaður				39		39
Frakt				25		25
Bílar			48			48
Tengsl	70				46	116
	1201	156	98	74	307	1836